

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi fyrrum Skagabyggðar vegna efnistökusvæða við Skagabúð, Húnabyggð.

Skipulagsstofnun staðfesti 3. júlí 2025 óverulega breytingu á aðalskipulagi Skagabyggðar 2010-2030 sem samþykkt var í sveitarstjórn 8. apríl 2025.

Í breytingunni felst að endurskilgreina á ný efnistökusvæði við Skagabúð ES26 þar sem heimilt verður að taka allt að 49.000 m³ af efni, og jafnframt auka við efnistökuheimild á þegar skilgreindum efnistökusvæðum ES15 og ES10, samanlagt 108.000 m³ af efni vegna viðhalds vega.

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 3. júlí 2025.

F.h. forstjóra,
Guðrún Lára Sveinsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 17. júlí 2025